



Öndunarfærasýkingar

Vika 42


16. – 22. október 2023

Embætti landlæknis
Sóttvarnalæknir

COVID-19 (SARS-CoV-2 veira)


COVID-19 er tilkynningarskyldur sjúkdómur til sóttvarnalæknis skv. reglugerð og berast greiningar með tvennum hætti. Annars vegar með greiningum lækna skv. ákveðnum greiningarkóðum skráðum í sjúkraskrá og hins vegar sem niðurstöður PCR-prófa frá rannsóknarstofu. Hér eru greiningar lækna nefndar klínískar greiningar en rannsóknarniðurstöður eru staðfestar greiningar. Læknir getur greint COVID-19 án þess að PCR-próf hafi staðfest greiningu, til dæmis vegna dæmigerðra einkenna með eða án hraðprófs og kallast það þá klínísk greining. Það er því ljóst að klínískar greiningar eru fleiri en rannsóknarniðurstöður og aðeins hluti klínískra greininga eru staðfestar með PCR-prófi.

Fjöldi COVID-19 greininga með PCR-prófi í viku 42 voru alls 42 og hlutfall jákvæðra PCR-prófa af heildarfjölda prófa var 22%. Er þetta svipað og verið hefur undanfarnar vikur (Mynd 1).



Mynd 1. Vikulegur fjöldi COVID-19 PCR-greininga ásamt hlutfalli jákvæðra prófa frá hausti ársins 2022 til viku 42 2023.


Undanfarnar vikur hefur fjöldi klínískra greininga COVID-19 verið ívið meiri en fjöldi PCR-greininga en þessu var öfugt farið síðasta vetur þegar margir fóru í próf á eigin vegum. Nokkuð mikið samræmi hefur annars verið í fjölda PCR og klínískra greininga undanfarið ár (Mynd 2).




Mynd 2. Samanburður á vikulegum fjölda PCR greining og klínískra greininga á COVID-19.

Rhinoveira og aðrar öndunarfæraveirur

Svipaður fjöldi greindist með rhinoveiru (kvef) í viku 42 líkt og í vikum 40 og 41 (Mynd 3). Hlutfall jákvæðra öndunarfærasyna af greindum sýnum var einnig svipað og verið hefur undanfarnar vikur (Mynd 4).



Mynd 3. Vikulegur fjöldi rhinoveiru-greininga frá hausti 2022.




Mynd 4. Vikulegur fjöldi öndunarfærásýna og hlutfall jákvæðra sýna frá hausti 2022. COVID-19 próf ekki meðtalin.

Frekari upplýsingar um greiningar á öndunarfæraveirum má sjá á [vef sýkla- og veirufraeðideildar Landspítala](#).

Inflúensa og RSV


Faraldrar inflúensu eða RSV eru enn ekki farnir af stað en þrjár greindust með inflúensu í viku 42 (Mynd 5).



Mynd 5. Fjöldi með staðfesta inflúensu eftir vikum í haust og síðastliðin tvö ár samanborið við meðaltal síðustu fimm flensutímabila þar á undan (2015–2020). Athugið að veturinn 2020–2021 greindist ekkert tilfelli af inflúensu.

Innlagnir á sjúkrahús

Fjöldi einstaklinga inniliggjandi með öndunarfærasýkingu á Landspítala í viku 42 var sambærilegur og í vikunni á undan, en færri samanborið við vikurnar þar á undan (Mynd 6). Gögn fyrir viku 40 hafa verið leiðrétt en þá lágu 34 inni á Landspítala með öndunarfærasýkingu en ekki 50 eins sagt var í síðasta fréttabréfi.



Mynd 6. Fjöldi innlagðra einstaklinga með öndunarfærasýkingar frá hausti 2022 til viku 42 2023. Gögn fengin frá Landspítala. Gögn fyrir októbermánuð hafa verið leiðrétt.

Samantekt

Tíðni öndunarfærasýkinga um þessar mundir er stöðug og af völdum mismunandi veira. Faraldur inflúensu er ekki farinn af stað. Algengustu orsakir öndunarfærasýkinga eru eins og áður rhinoveira og COVID-19.

Staðan í Evrópu

Fjöldi öndunarfærasýkinga í Evrópu er eins og við er búist á þessum tíma árs. Greiningar öndunarfærasýkinga eru flestar hjá börnum 15 ára og yngri. Tölur benda til að sýkingum af völdum COVID-19 sé að fjölga meðal 65 ára og eldri. Árlegur faraldur inflúensu eða RSV er ekki hafinn.

Sóttvarnir

Full ástæða er til að sinna persónulegum sóttvörnum til að draga úr líkum á að smitast og á að smita aðra. Við minnum öll á að:

- Fylgja tilmælum um bólusetningu.
- Halda sig til hlés í veikindum.
- Forðast umgengni við ung börn og aðra viðkvæma ef með einkenni.
- Hylja nef og munn við hósta og hnerra.
- Sinna reglulegum handþvotti.
- Nota grímu við ákveðnar aðstæður eins og á heilbrigðisstofnunum þ.m.t. biðstofum.
- Lofta út.

